

Nr. 098 / 12 Sóley SH 124**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 1674
Smíðaður: Seyðisfirði 1985, stál
Stærð: 144,2 brl. 201 bt.
Mesta lengd: 25,99 m Skráð lengd: 23,33 m
Breidd: 7 m Dýpt: 5,7 m
Vél: Caterpillar 416 kW 1984
Fjöldi skipverja: 8



Sóley ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. september 2012 var Sóley SH 124 á togveiðum um 50 sml VNV af Öndverðarnesi. Veður: NV 12 – 14 m/s og þungur sjór.

Skipverjar voru að losa sjóbúnað af toghlerum og einn þeirra teygði sig niður í krók sem var í hleranum. Þegar hann var að þessu lagðist hlerinn til bakborða á veltunni svo að höfuð skipverjans varð á milli hlerans og lóðréttis rörs á milli gálga og lunningar. Í næstu veltu skipsins losnaði höfuð skipverjans þegar hlerinn lagðist til stjórnborða.


Slasaði fékk mikið tvísýni og þreifaði sig meðfram skutrennulunningunni fram á þilfarið þar sem hann hné niður. Skipverjar tóku af honum hjálminn en það blæddi úr eyrum hans. Á meðan slasaði var borinn inn í brú missti hann meðvitund. Skipinu hafði þegar verið snúið til lands á fullri ferð og það skipstjóri um aðstoð. Þýrla var send á móts við skipið og flutti hún slasaða til Reykjavíkur. Hann reyndist höfuðkúpabrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða reyndi hann fyrst að ná til sjóbúnaðarkróksins með því að teygja sig niður í hann fyrir framan súluna (*sjá mynd*). En hann náði ekki í krókinn svo hann fór aftur fyrir súluna og þá lagðist hlerinn að höfði skipverjans sem festist þar til í næstu veltu. Hann sagðist hafi heyrt þegar höfuðbeinin brotnuðu en hjálmurinn gaf nokkuð eftir;
- að hver toghleri er 1.400 kg og eru báðir sjóbúnir með brók sem hékk í gils strekkum upp og fram á þilfarið. Krókum í enda brókanna var krækt

í göt á innri hlið hleranna til að kom í veg fyrir að þeir slægjust til á siglingu;

- að áður en skipið hóf makrílveiðar með flotvörpu í júlí var sett stoð (3“ rör) á milli skutrennulunnningar og afturgálga til að varna því að belgurinn slægist ekki inn yfir gangana þar sem skipverjar voru við störf. Hlerar við flotvörpuna voru mun minni en þeir sem eru við botnvörpu og var því ekki vart við að sérstök þrengsli gætu verið á milli flotvörpuhlerans og stoðarinnar enda var jafnvel nægjanlegt að húkka sjóbúnaðinum í bakstroffuna;
- að veiðum með flotvörpuna var hætt í byrjun ágúst en botnvörpuveiðar hófust með nýju fiskveiðiári í byrjun september og varð slysið í byrjun annars túrs með botnvörpuhlerana;
- að slasaði hafði verið á skipinu í mörg ár og því vanur að taka sjóbúnaðinn af hlerum;
- að þetta var önnur ferð skipsins með botntrollshlerana eftir að stoðirnar voru settar í það. Slasaði var einnig í fyrri túrnum;
- að slasaði var með hjálm af Jofa gerð sem nær niður á háls. Hjálmurinn tók því við þrýstingi á neðri hluta höfuðsins og má ætla að hann hafi borið meiri hluta þrýstingsins sem varð í klemmunni;
- að skipstjóri sagði að báðar súlurnar hafi verið fjarlægðar í næstu komu til hafnar eftir slysið;
- að fram kom hjá skipstjóra að ekki var gert áhættumat við breytingar á vinnumhverfinu.



Sjóbúnaðarbrókinni krækt í hlerann eftir að slakað hafði verið í gilsinn en þá sigur innri hlið niður.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var breytt vinnumhverfi en slasaði virðist ekki hafa áttað sig á hættu sem því fylgdi.

Sérstök ábending:

Nefndin hvetur skipstjórnarmenn til að fara að reglum um áhættumat þegar breytingar eru gerðar á vinnumhverfi.